

Fundargerð

Fundur stjórnar Fiskeldissjóðs, 25. fundur.

11.02.2022, kl. 13:00 til 14:00

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Mætt af hálfu sjóðsins: Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson og Hallveig Ólafsdóttir. Haraldur L. Haraldsson boðaði forföll.

Til fundarins voru boðnir eftirtaldir fulltrúar sveitarfélaga: Aðalheiður Borgþórsdóttir, Aðalsteinn Þórhallsson, Axel Rodriguex Överby, Birgir Gunnarsson, Björn Ingimarsson, Bragi Þór Thoroddsen, Finnbogi Bjarnarson, Guðjón Bragason, Helgi Hjálmtýsson Jón Björn Hákonarson, Jón Gísli Jónsson, Jón Páll Hreinsson, Katrín Atladóttir, Ólafur Þór Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir og Sigurður Líndal Þórisson. Björn Ingimarsson og Jón Páll Hreinsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Tímalína:

Kjartan fór yfir áætlaða tímalínu vegna úthlutunar fyrir árið 2022. Þ.e. dagsetningar vegna auglýsingar, umsóknarfests, tímafrest stjórnar til að fara yfir umsóknir og áætlaða dagsetningu á samningum vegna úthlutunar.

Stjórnin stefnir að því að auglýsa eftir umsóknum um miðjan febrúar og gefa 5 vikur í auglýsingartíma og þar með undirbúning umsókna. Með þeim hætti er stefnt að því að tilkynna um úthlutun fyrri hluta máí.

2. Úthlutunarreglur:

Kjartan og Álfheiður fóru yfir helstu breytingar sem stjórn sjóðsins samþykkti að gera á úthlutunarreglum á síðasta fundi.

Helstu umræður í kjölfarið:

- Hámarksstyrktarfjárhæð sjóðsins upp á 50 milljónir vegna ársins í ár. Sú fjárhæð nær til einstakra verkefna eða verkþátta en ekki sveitarfélaga. Jafnframt ítrekuðu stjórnarmenn að sveitarfélög gætu sótt aftur um styrk til framhalds verkefnisins að ári liðnu, þannig að þakið nær aðeins til úthlutunar í ár.
- Skerðing á styrkjum verður ef samþykktar umsóknir verða hærri en heildarfjárhæð sem er til úthlutunar. Kjartan útskýrði í stuttu máli að dregin væri lína við þær umsóknir sem skoruðu hvað hæst á skala stjórnar sem væri nálægt heildarfjárhæð til úthlutunar. Hver styrkur er síðan skertur hlutfallslega miðað við hversu vel verkefnið fellur að áherslum stjórnar, því betur sem verkefnið fellur að áherslum stjórnar því lægri er hlutfallslega skerðing á styrkveitingunni. Með þessum hætti eru veittir styrkir aðlagðir þeirri fjárhæð sem sjóðurinn hefur til styrkveitinga hvert ár.
- Kröfur um ítarlegri kostnaðar- og framkvæmdaráætlun. Fulltrúar sveitarfélaganna viðruðu nokkrar áhyggjur af því að minni sveitarfélög hefðu ekki endilega burði til að skila ítarlegum kostnaðar- og framkvæmdaráætlunum. Kjartan og Álfheiður áréttuðu það að minni kröfur væru gerðar til minni framkvæmda en ástæða fyrir auknum

kröfum væri að mikilvægt væri fyrir stjórn sjóðsins að fá ítarlega lýsingu á verkefnum og tímaáætlun til þess að betur væri hægt að átti sig á raunhæfni verkefnianna og fylgja þeim eftir.

Heilt yfir var ánægja með samráð vegna úthlutunar í ár og ítrekaði Álfheiður að úthlutunarreglurnar munu verða endurskoðar fyrir næsta ár og haft yrði aftur samráð við sveitarfélögin. Þó komu upp nokkrar athugasemdir varðandi sjálft fyrirkomulagið, þ.e. að úthluta tekjum af fiskeldi til sveitarfélaganna í gegnum sjóðinn og hvort ekki væri hægt að fara aðrar leiðir.

Fundi slitið kl. 14:00.

Hallveig ritaði fundargerð.